



Ritlistarsamkeppni fyrir börn af erlendum uppruna í grunnskólum Akureyrar

Í tilefni af degi íslenskrar tungu 2018 verður efnt til ritlistarsamkeppni fyrir börn sem ekki hafa íslensku að móðurmáli. Verkefnið er samstarfsverkefni Háskólans á Akureyri, Akureyrarbæjar, Amtsbókasafnsins og KEA.

Börnum með erlendan bakgrunn hefur fjölgað mjög í skólum landsins undanfarna tvo áratugi. Grunnskólarnir á Akureyri eru engin undantekning; þar er fjöldi barna sem talar margvísleg tungumál en lærir íslensku sem erlent mál. Íslenskukunnátta er hins vegar lykillinn að góðu gengi í íslensku skólakerfi. Markmiðið með þessari samkeppni er að hvetja börn sem ekki hafa íslensku að móðurmáli til að beita íslenskunni á skapandi hátt; að benda þeim á að íslenskan er ekki aðeins skólamál heldur mál sagna, ljóða og leikrita.

Senda má inn hvers konar ritun; t.d. ljóð, leikrit eða smásögu svo fremi sem verkið er á íslensku. Engar reglur eru um efni, form eða lengd.

Við fögnum fjölbreytileika íslenskunnar og hvetjum nemendur til að taka þátt, sama á hvaða getustigi þeir eru. Það skiptir ekki máli hvort þátttakendur eru fæddir á Íslandi eða nýfluttir til landsins, það sem dómnefnd metur er sköpunargleði og tjáning en ekki færni í íslensku.

Dregið verður úr öllu innsendu efni og munu 15 nemendur fá inneignarnótu í bókabúð og bíómiða.

Menningarfélag Akureyrar gefur verðlaunahöfum leikhúsmiða fyrir tvo á *Gallsteina afa Gissa*, sem er yfirnáttúrulegur og fjörugur barna- og fjölskyldusöngleikur, frumsýndur í Samkomuhúsinu 23. febrúar 2019.

Sigurvegarinn hlýtur vetrarkort í Hlíðarfjall.

Í aldurshópnum 11–13 ára verða veitt aukaverðlaun; aðgangur að vísindaskóla unga fólksins við HA næsta sumar.

Skilafrestur rennur út 31. október.

Verðlaun verða afhent í Amtsbókasafninu 17. nóvember kl. 12.

Þátttakendur geta skilað textum handskrifuðum eða útprentuðum til kennarans síns eða sent þá með tölvupósti til helgah@akureyri.is

